

Norðurþing
Ketilsbraut 9
640 Húsavík

12. desember 2025
UOS2501561/H.M.V.

Efni: Reglubundið eftirlit þann 11. september 2025 – ID 36

Þann 11. september sl. fór fram reglubundið eftirlit með urðunarstað Norðurþings í Laugardal við Húsavík. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Þrjú eldri frávík voru opin þegar eftirlitið fór fram:

1. Gr. 4.3 í starfsleyfi og varðar að frágangur úrgangs inn á urðunarstað var ekki í samræmi við verklag í starfsleyfi. **Við eftirlit nú var það staðfest að úrbætur rekstraraðila hafa gengið eftir, frágangur er fullnægjandi og í samræmi við kröfur í starfsleyfi og er því frávikinu lokað.**
2. Gr. 5.1 í starfsleyfi. Skráningar vegna tölul. 3-4 lágu ekki fyrir vegna ársins 2023 og varða stöðu urðunarstaðar og sigmælingar (á einnig við nú, vegna ársins 2024). **Rekstraraðili lagði fram úrbótaáætlun þann 3. júní sl. Skv. úrbótaáætlun ætlar rekstraraðili að umreikna og taka út stöðu urðunarstaðar sumarið 2025 og koma fyrir sigplötum til að mæla sig fyrir lok septembermánaðar. Verða úrbætur teknar út við næstu skil ársyfirlits.**
3. Gr. 5.4 í starfsleyfi. Niðurstöðum skráninga sbr. gr. 5.1. í starfsleyfi ber að skila árlega, fyrir 1. maí ár hvert. Niðurstöðum skráninga vegna ársins 2023 var ekki skilað innan tilskilins tímafrests. **Rekstraraðili hefur ekki enn skilað til Umhverfis- og orkustofnunar fullnægjandi skráningum innan tilskilins tímafrests og frávikið því opið.**

Ein ábending var sett fram í eftirlitinu er varðar:

1. Niðurstöðum vegna vöktunar var skilað eftir eftirlit. Olía/fita mælist úr sýnatökum ársins 2024 í tveimur af þremur grunnvatnsbrunnum við urðunarstað Laugardals í Húsavík. Hlutfallslega er enginn markviss munur á niðurstöðum olíu/fitu milli grunnvatnsbrunna hvort sem þeir eru staðsettir eru fyrir ofan urðunarstað eða neðan. Mikilvægt er að gæta að því við framkvæmd á sýnatökum í vatni að stöðlum sé fylgt

varðandi framkvæmd sýnatöku og greiningaraðferðir, sbr. kafla 1.3.6 í III viðauka í rg. nr. 535/2011 um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun sem og 3. kafla í viðauka III í rg. nr. 738/2003 um urðun úrgangs. (Sjá ýtarlegri umfjöllun um ábendinguna í skýrslu eftirlitsins).

Fimm frávík komu fram er varða:

1. Gr. 4.1 í starfsleyfi. Við móttöku úrgangs til urðunar skal fara fram sjónrænt mat til að sannreyna að úrgangur uppfylli móttökuskilyrði staðarins. Rekstraraðila ber að sjá til þess að allur úrgangur sem fer inn á urðunarstað samræmist móttökuskilyrðum starfsleyfis. Þegar eftirlit fór fram var búið að koma fyrir óvirkum úrgangi inn á urðunarstað en í þeim var að finna plaströr og annar úrgangur sem ekki féll að skilyrðum starfsleyfis.
2. Gr. 5.1 í starfsleyfi. Rekstraraðila ber að skrá allar þær upplýsingar sem þar koma fram varðandi skráningar. Skráningar vegna ársins 2024 voru ófullnægjandi (sjá frekari umfjöllun í megintexta).
3. Gr. 5.2 í starfsleyfi. Til staðar skal vera fullnægjandi aðstaða til sýnatöku og mælinga á grunnvatni. Brunnur HÚS-B hefur ekki verið hægt að vakta, ekki náðist að taka sýni úr brunninum. Rekstraraðili verður að bæta úr ástandi brunnsins svo hægt sé að koma á sýnatökum og vöktun eða setja upp nýjan sýnatökubrunn.
4. Gr. 5.4 í starfsleyfi. Niðurstöðum skráninga sbr. gr. 5.1. í starfsleyfi ber að skila árlega, fyrir 1. maí ár hvert. Niðurstöður á skráningum vegna ársins 2024 var ekki skilað.
5. Gr. 3.2 (og 5.3) í starfsleyfi og frá III. kafla laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála og 8. gr. rg. nr. 535/2011 um um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun. Vöktun bendir til þess að umhverfismarkmið vatnshlots umhverfis urðunarstaðinn við Laugardal náist ekki. Í brunni merktum hús-A, mælist olía = 28 mg/L (árið 2023 var það ekki mælt) en sá brunnur er viðmiðunarbrunnur og er staðsettur ofan vatnsstreymis að urðunarstað. Í brunni merktum hús-C mælist olía 29 mg/L (árið 2023 = <2 mg/L) engin mæling var framkvæmd í brunni Hús-B árið 2024 og 2023.

Umhverfis- og orkustofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 9. janúar 2026.

Virðingarfyllst,

Halla Margrét Viðarsdóttir
sérfræðingur í teymi eftirlits

Sigríður Kristinsdóttir

teymisstjóri í teymi eftirlits